

Stjórnarfundur SKÍ

nr. 1673 – 10. apríl 2025, kl. 15:30 – fjarfundur

Efni fundarins:	17. stjórnarfundur SKÍ 2023 – 2025.
Fundarstjóri:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður.
Fundarritari:	Jónas Egilsson.
Þátttakendur:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Jón Egill Sveinsson varaformaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftndar, Einar Ólafsson formaður skíðagöngunefndar, Aðalsteinn Valdimarsson formaður snjóþreitanefndar, Veronika Guseva formaður skíðaskotfímíneftnda. Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri.
Fjarverandi:	Hugrún Elvarsdóttir ritari.

Fundardagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1672
2. Fjármál
 - 2.1. Ársreikningur SKÍ fyrir 2024
 - 2.2. Rekstraryfirlit m.v. 31. mars
 - 2.3. Yfirlit um greiðslur til mótshaldara út mars 2025
 - 2.4. Kostnaðaryfirlit nokkurra verkefna
3. Undirbúningur fyrir næsta skíðaár
 - 3.1. Verkefni landsliðsfólks
 - 3.2. Tillaga um A & B landslið í skíðagöngu 2025-2026
 - 3.3. Mótaumsóknir 2025-2026
4. Fréttir af mótum, nefndum og afreksfólki
 - 4.1. Ráðning nýs landsliðsþjálfara í alpagreinum
5. Fundir, heimsóknir og ráðstefnur
 - 5.1. Skíðaþing 2025 – tíma- og staðsetning
6. Önnur mál
 - 6.1. Staða snjóþreitamóta
 - 6.2. Skíðahús

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1672

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

2. Fjármál

2.1. Ársreikningur SKÍ fyrir 2024

Reikningurinn lagður fram að nýju. Framkvæmdastjóri gerði fór yfir fyrirspurnir frá gjaldkera með fundarmönnum. Þar kemur fram m.a. ábending um að hafa framlög frá Ólympíusamhjálpinni aðgreind í sundurliðun framlaga. Að lokinni umræðu var ársreikningurinn samþykktur samhljóða og verður sendur öllum stjórnarmönnum til undirritunar til skoðunarmanna ársreiknings SKÍ.

2.2. Lagt fram yfirlit úr rekstri SKÍ fyrstu þrjá mánuði ársins. Ákveðið á næsta fundi að leggja fram yfirlit um rekstur deilda vegna undirbúnings fyrir næsta skíðaár.

2.3. Skv. framlögðu yfirliti er búið að gera upp 85% greiðslna vegna mótagjalda í vetur.

2.4. Kostnaður verkefna 2024 – 2025. Lagt fram kostnaðaryfirlit vegna HM í Saalbach í alpagreinum, Þrándheimi og HM unglinga í Schilpario í skíðagöngu vetur.

3. Undirbúningur fyrir næsta skíðaár

3.1. Sigurður lagði fram yfirlit um árangur okkar helsta keppnisfólks í alpagreinum. Sýnilegar framfarir hjá liðinu og góður árangur af stefnu sambandsins. Einar sagði alla okkar fremstu göngumenn hafa bætt sína punktastöðu, nema einn vegna þráláttra meiðsla.

3.2. Tillaga um A og B landslið í skíðagöngu: Einar Ólafsson lagði fram tillögu SGN um landslið næsta árs: A-landslið: Dagur Benediktsson og Krístrún Guðnadóttir. B-landslið: Fróði Hymer, Ástmar Grétarsson, Einar Árni Gíslason. Samþykkt samhljóða.

3.3. Mótaumsóknir 2025-2026. Send hefur verið út tilkynning til aðildarfélaga sambandsins um umsóknir um mót á næsta ári. Umsóknir verða sendar viðkomandi nefndum.

4. Fréttir af nefndum

4.1. Sigurður greindi frá því að viðræður stæðu yfir við Hauk Bjarnason um að hann tæki að sér yfirþjálfun landsliðs á næsta skíðaári. AGN ásamt framkvæmdastjóra og afreksstjóra munu hitta hann nk. sunnudag í Reykjavík.

5. Fundir, heimsóknir og ráðstefnur

5.1. Skíðaþing 2025. Samþykkt að Skíðaþing yrði haldið að þessu sinni í Garðabæ í haust. Nánari dagsetning ákveðin síðar.

5.2. Næsti fundur stjórnar ákveðinn fimmtudaginn 15. maí nk.

6. Önnur mál

6.1. Staða snjóþremmamáta. Aðalsteinn lýsti áhyggjum sínum vegna niðurfellingar móta á snjóþremmum og stöðu greinarinnar. Ákveðið að hann ásamt afreksstjóra og framkvæmdastjóra funduðu um málið fyrir næsta fund stjórnar og kæmu með tillögur að aðgerðum til úrbóta.

6.2. Skíðahús. Einar fór yfir viðræður við Reykjavíkurborg, sem ekki hafa verið nógu árangursríkar. Einnig er samtal í gangi við bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ um lóð fyrir skíðahús. Rætt var um mögulegar aðgerðir til að koma þessu máli áfram, en að mati Einars er þetta mikilvægasta mál hreyfingarinnar um þessar mundir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30.

Fundargerð ritaði Jónas Egilsson.